

Mál 114

Pingskjal 183

148. Löggjafarþing

Frumvarp til alga um breytingu á almennum hegningarlögum nr.19/1940 (bann við umskurði drengja)

Umsagnaraðili: Hvítasunnukirkjan Fíladelfía

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að árpúsundum saman hafi það tíðkast innan ákveðinna menningarheima, sem og trúarhópa, að umskera drengi.

Eins og einnig er bent á hefur umskurður drengja einnig verið mjög útbreiddur í hinum vestræna heimi, ekki síst í bandaríkjunum, óháð trúarskoðunum.

Í greinargerðinni er fjallað um skaðsemi þess þegar umskurður fer fram

1. Án deyfingar
2. Án sótthreinsunar og í heimahúsum, mögulega af vanhæfum einstaklingum
3. Að börn geti ekki látið í ljós álit sitt á athöfninni.

Varðandi fyrstu tvö atriðin liggur beinast við að benda á að mun eðlilegri viðbrögð væru að setja lög um hvernig umskurður eigi að fara fram og gera kröfur til þeirra sem framkvæma slíkar aðgerðir. Það hlýtur að liggja fyrir að í hinum vestræna heimi séu aðstæðurnar sem lýst er ekki dæmigerðar (enda eru t.d. bandarískir drengir flestir umskornir af læknum á sjúkrahúsum).

Varðandi 3. atriðið þá er í raun víðtækari spurning en bara hvort foreldrar megi ákveða að láta umskera syni sína. Það er spurning um hvort foreldrar megi áfram velja það sem þeir telja best fyrir börnin sín.

Til þess að það væri réttlætlegt að setja slíkt bann og hér er lagt til þyrfti að sýna fram á með óyggjandi hætti að umskurður væri skaðlegur. Einnig skiptir máli að skoða hvort bann raunverulega verndi börn eða ekki. Í þeim löndum þar sem fóstureyðingar eru ólöglegar er t.a.m. mun líklegra að konur fari í hættulegar aðgerðir framkvæmdar af vanhæfum einstaklingum og leggi þannig líf sitt í hættu. Ekki hefur verið sýnt fram á að umskurður drengja sé skaðlegur og í ljósi þess hversu mikilvægur hann er fyrir stóra trúarhópa er hætta á því að slíkt bann komi ekki í veg fyrir slíkar aðgerðir.

Foreldrar taka margar óafturkræfar ákvarðanir fyrir börnin sín. Þau velja hvar þau búa, þau velja hvaða skóla börnin sækja, þau gefa þeim nafn og þau ákvarða með hvaða hætti börnin alast upp. Í dag er ákveðin hópur fólks sem berst mjög gegn bólusetningum, segja þær beinlínis skaðlegar eða í það minnsta hættulegar. Engu að síður er engum sem dettur í hug að banna foreldrum að bólusetja börnin sín, bíða þar til þau hafa aldur til að ákveða sjálf. Foreldrum er treyst til þess að velja það sem þeir telja börnum sínum fyrir bestu, meira að segja þegar þeir velja að láta ekki bólusetja börnin þó allir læknar myndu mæla með bólusetningu.

Það sem er kannski alvarlegast við þetta frumvarp er að það heggur beint gegn tveimur mikilvægum trúarbrögðum í heiminum, annarsvegar Islam og hinsvegar Gyðingdómi. Það er mikill ábyrgðarhluti að á sama tíma og íslenska þjóðin hefur fundið til mikillar samúðar með flóttafólki frá Sýrlandi og Írak og íslenska ríkið er að bjóða fólki þaðan hæli hér, sé verið að gera trúariðkun þeirra, sem flest eru Múslimar, ólöglega. Umskurn er hluti af trúariðkun, sjálfsmynd og menningararfi Múslima.

Fyrir Gyðingum er umskurnin táknið um sáttmála Guðs við Abraham. Sá sem ekki er umskorinn á ekki hlutdeild í sáttmálanum, tilheyrir ekki hópi Gyðinga og er ekki gjaldgengur til að taka þátt í trúarlífi þeirra sem er algjörlega samofið menningu þeirra.

Með slíku banni væri verið að meina börnum að alast upp í upprunamenningu sinni. Umskurn er ekki valkvæð fyrir þessum hópum.

Árið 2010 kom út skýrsla á vegum W.H.O. um umskurn á drengjum. Niðurstaða þeirrar skýrslu var að mikilvægt sé að gæta að hreinlæti við slíkar aðgerðir og að þeir sem þær framkvæma séu vel þjáfaðir. Það örlar ekki á þeirri hugmynd þar að bann sé fýsilegur kostur, enda var ekki niðurstaða skýrslunnar að umskurn væri skaðlegt. Raunar má skilja sem svo að umskurn þyki ákjósanleg á svæðum þar sem H.I.V. er útbreiddur sjúkdómur. Í skýrslunni kemur fram að umskurn stuttu eftir fæðingu sé öruggari en ef er beðið þar til drengurinn verður eldri, þ.e.a.s. sár gróa hraðar og minni líkur eru á sýkingum eða vandamálum sem geta komið upp. Ef umskurn á drengjum er slíkt ofbeldi að það réttlæti fangelsisvist foreldra er það mesta furða að Alþjóða heilbrigðisstofnunin skuli fjalla um umskurn á svo jákvæðan hátt. Slíkt hlýtur að teljast gáleysi í besta falli. Líklegra verður að teljast að umræðan á Íslandi hafi verið skökk.

Miðað við hversu útbreiddur umskurður á drengjum er og hversu oft og víða slíkar aðgerðir hafa verið framkvæmdar af læknum, ætti það að vera borðleggjandi og auðsýnt væri hann skaðlegur. Það er hann ekki, þó einhver dæmi séu um neikvæðar aukaverkanir eins og við allar aðgerðir. Því ber að mótmæla harðlega að umskurði drengja sé líkt við limlestingu á kynfærum kvenna. Umskurður á drengjum er lítið inngrip sem jafnvel er gripið til af læknisfræðilegum ástæðum, limlesting á kynfærum kvenna hefur mjög neikvæð áhrif á lífsgæði kvenna og engann læknisfræðilegan ávinning.

Í frumvarpinu er vísað til þess að umskurður drengja sé útbreiddur meðal gyðinga og múslima.

En á sama tíma og þetta frumvarp er lagt fram fer fram mikil umræða um ört vaxandi gyðingahatur í evrópu sem og hatursfull viðhorf í garð Múslima.

Það er óhugsandi að meðferð þessa frumvarps verði ekki beintengd þeirri umræðu. Verði það samþykkt verður litið svo á að verið sé að gera Múslima og Gyðinga brottræka frá Íslandi, nema þeir leggi trú sína og siði til hliðar. Verði frumvarpið samþykkt verður því hampað af öfga-þjóðernissinum um alla álfuna og verður vatn á myllu þeirra. Með því að gera umskurn að einhverju skammarlegu er verið að jaðarsetja þá karlmenn sem voru umskornir í æsku og setja karlmenn sem hafa verið umskornir af læknisfræðilegum ástæðum í erfiða stöðu.

Frumvarpið er lagt fram af góðum hug og af umhyggju fyrir börnum. Af sömu umhyggju fyrir börnum innflytjenda og börnum Múslima og Gyðinga verður að hafna þessu frumvarpi. Frumvarpið jaðarsetur óumskorna drengi í þeim samfélögum sem þeir alast upp í og jaðarsetur umskorna drengi meðal Íslendinga.

Með frumvarpinu er verið að gera Islam og Gyðingdóm ólögleg trúarbrögð á Íslandi.

Í nafni trúfrelsis, fjölmennningar og réttar foreldra til að velja það sem þeir telja best fyrir börn sín þarf að hafna þessu frumvarpi.

Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Filadelfíu
Helgi Guðnason